

116

1. ágúst

REGLUR

um stöðumæla í Reykjavík.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarráð ákveður að fengnum tillögum umferðarnefndar, hvar á götum og torgum skuli setja upp stöðumæla.

Stöðumælum er ætlað að gera umferðina öruggari og greiðari og jafnframt að miðla stöðureitum milli þeirra, sem þurfa á þeim að halda.

2. gr.

Umferðarnefnd ákveður hvaða tegund stöðumæla skuli setja upp svo og gerð þeirra í einstökum atriðum.

Bæjarverkfræðingur annast uppsetningu mælanna og viðhald þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Stöðumælasjóður er stofnaður með framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur. Skal framlag þetta vera nægilega hátt til þess að standast allan kostnað við að koma upp a. m. k. 275 stöðumælum í Reykjavík og kaupa nægilegt magn varahluta fyrir þá. Ekki skal framlag þetta þó vera hærra en kr. 650 000.00. Einn þriðji hluti þess skal vera óafturkræft framlag til sjóðsins, en tvo þriðju hluta skal stöðumælasjóður endurgreiða bæjarsjóði á næstu 5 árum. Stöðumælarnir skulu vera eign stöðumælasjóðs.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru peningar þeir, sem látnir eru í stöðumæla, sem greiðsla fyrir afnot stöðumælaeitis í ákveðinn tíma, aukaleigugjöld og sektir fyrir stöðubrot við stöðumæla.

5. gr.

Bæjarráð ákveður að fengnum tillögum umferðarnefndar, hve hátt gjald skuli vera fyrir stöðu á stöðumælaeit og hve langan tíma ökutæki megi standa samfellt á stöðumælaeit.

6. gr.

Nú hefur komið í ljós, að ökutæki hefur staðið lengur við stöðumæli en heimilt er, og má þá veita öikumanni kost á að greiða 20 króna sekt til stöðumælasjóðs í skrifstofu lögreglustjóra innan þriggja sólarhringa, og verður þá ekki frekar aðhafzt í máli öikumanns, enda fallist hann á þessi málalok, sbr. 4. mgr. 112. gr. laga nr. 27 5. marz 1955, en ef um ítrekað brot er að ræða, getur lögreglustjóri hækkað sekt eða neitað að ljúka máli á þennan veg og sent kærú til dómara með venjulegum hætti.

7. gr.

Tekjum stöðumælasjóðs má ekki verja í almennar þarfir bæjarfélagsins. Þeim má eingöngu verja til þess að greiða fyrir rekstur mælanna, viðhald þeirra, til þess að endurgreiða afturkræft framlag bæjarsjóðs, til þess að fjölga mælum í bænum og til þess að stuðla að aukningu bifreiðastæða, þ. á m. með lóðakaupum, byggingu geymsluhúsa eða byrgja eða á annan hátt.

Umferðarnefnd gerir tillögur um ráðstöfun á eignum sjóðsins.

III. KAFLI

116

I. ágúst

8. gr.

Skylt er að greiða fyrir afnot stöðumæla-
reits á virkum dögum frá kl. 9 til 19.
Á laugardögum er gjaldskylda þó aðeins frá kl. 9 til 13.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, þegar sérstaklega stendur á.

9. gr.

Hver, sem leggur ökutæki á stöðumæla-
reit á gjaldskyldu tímabili, verður að setja
í viðkomandi stöðumæli þá mynt, sem áletrun á stöðumælinum segir til um. Sé mælirinn þannig útbúinn, að snúa þurfi handfangi til þess að setja mælinn af stað, skal gera það strax eftir að peningurinn hefur verið látinn í mælinn, þannig að mælirinn fari í gang.

10. gr.

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi sé unnt að nota stöðumæla-
reit fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn eins og ökutækið stæði á stöðumæla-
reitnum sjálfum.

11. gr.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumæla-
reit fyrir hvers konar vélknúin öku-
tæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum.

12. gr.

Á stöðumæli skal vera letrað greinilega, hve hátt stöðugjaldið sé, til hve langs tíma staða sé keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn, og hvernig mælirinn sé settur í gang.

13. gr.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumæla-
reit lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli. Það er misnotkun á stöðumæli að greiða fyrir stöðu í lengri tíma og varðar sömu meðferð og refsingu og önnur brot gegn reglum þessum.

14. gr.

Þegar lögreglumaður verður þess var, að bifreið stendur á stöðumæla-
reit í and-
stöðu við reglur þessar, skal hann afhenda öikumanni hennar eða festa við hana til-
kynningu um brotið. Kostnaður við eyðublöð fyrir slíkar tilkynningar greiðist úr stöðumælasjóði. Á tilkynningunni skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotsins og greint frá því, að öikumanni sé boðið að ljúka máli með greiðslu 20 króna sektar í stöðumælasjóð innan þriggja sólarhringa í skrifstofu lögreglustjóra, en heimilt sé að hækka sekt, ef um ítrekað brot er að ræða.

15. gr.

Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir. Bannað er að aka á stöðumæli eða skemma hann á nokkurn hátt. Sá, sem óviljandi hefur valdið skemmdum á stöðumæli, skal tilkynna það tafarlaust til lögreglunnar og bjóða fram fullar bætur.

16. gr.

Bæjargjaldkeri annast tæmingu stöðumæla, talningu og reikningshald sjóðsins. Skal hann gefa umferðarnefnd skýrslu um tekjur sjóðsins og eignir, þegar nefndin óskar þess. Mælarnir skulu tæmdir vikulega og oftár, ef þörf krefur.

116

17. gr.

1. ágúst Reglur þessar eru settar samkvæmt 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 7. janúar 1930 og öðlast gildi þegar í stað.

Viðauki þessi við lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. ágúst 1957.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

117

30. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.

1. gr.

34. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, sildarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlendar gærur, freðsild.
3. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni annað en trjáviður, ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Oliur, benzín, smurningsoliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. u. l., kjöt, ull, mör, tólg.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningarvörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, og ekki eru annars staðar taldar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
9. flokkur. Gjald kr. 0.60 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.